

220. fundur skólanefndar Fjölbrautaskóla Suðurlands – haldinn 24. febrúar 2023 kl.

13:30

Mætt: Ásrún Aldís Hreinsdóttir (fulltrúi nemenda), Geirmundur Sigurðsson (fulltrúi foreldra), Jóhanna Ýr Jóhannsdóttir (formaður), Jón G. Valgeirsson (varaformaður), Kristjana Sigríður Skúladóttir (fulltrúi kennara), Sigríður Anna Guðjónsdóttir og Sigursveinn Sigurðsson (aðstoðarskólameistari).

Olga Lísu Garðarsdóttir og Samúel Örn Erlingsson boðuðu forföll.

Gestir: Björgvin E. Björgvinsson (áfangastjóri) og Haraldur Eiríksson (fjármálastjóri).

Dagskrá:

- 1) Tölfræði vorannar – BEB
- 2) Félagslíf nemenda – ÁAH
- 3) Rekstur skólans, áætlun 2023 – HE
- 4) Fréttir af skólastarfinu – SMS
- 5) Staða heimavistar – SMS
- 6) Önnur mál

Formaður setur fundinn

1) Tölfræði vorannar – BEB

Áfangastjóri fór yfir helstu tölfræði vorannar, svo sem fjölda nemenda í skólanum, dreifingu þeirra eftir lögheimili og fleiri þætti. Rétt tæplega helmingur nemenda er búsettur á Selfossi. Þá kom einnig fram að langflestir nemendur eru skráðir á opna línu stúdentsbrautar eða 246 talsins og hefur það haldist óbreytt frá því ný námskrá var tekin upp við skólann.

Umræður um ýmis atriði sem komu þar fram, svo sem fjölda nemenda með erlent ríkisfang og fleira.

2) Félagslíf nemenda – ÁAH

Formaður nemendafélags skólans sagði frá helstu viðburðum í félagslífi nemenda skólans.

Sl. haust voru kosningar um fulltrúa nýnema í stjórn nemendafélagsins. Síðan var nýnemaball haldið um miðjan september. Söngkeppnin var haldin í nóvember og gekk afar vel. Styrkur fékkst frá SASS sem kom sér vel. Elísabet Björgvinsdóttir sigraði söngkeppnina og mun hún keppa fyrir hönd skólans 1. apríl nk. Þá voru ýmsir viðburðir fyrir jólin, svo sem jólakvöldvaka í skólanum, jólabíó í Selfossbíó, og ýmislegt fleira.

Á vorönninni hófst keppni í Gettu betur og keppir lið skólans í 8 liða úrslitum í kvöld. Árshátíðin var haldin í síðustu viku og gekk vel, aðsóknin var góð, bæði í matinn og ballið.

Mikilvægt er að virkja fleiri nemendur til að vinna í félagslífi nemenda.

Í næstu viku verða Kátir dagar og Flóafár. Undirbúningur hefur gengið vel og margt spennandi sem verður í boði.

Framundan eru kosningar í nýtt nemendaráð fyrir páskafrí. Vonandi hægt að halda einhvern viðburð með nýju nemendaráði eftir páska.

3) Rekstur skólans, áætlun 2023 – HE

Fjármálastjóri greindi frá niðurstöðu ársins 2022 og rekstraráætlun fyrir árið 2023.

Þar kom fram að útlit er fyrir að halli ársins 2022 verði um 6 milljónir. Mögulega vantar þó einhverjar forsendur vegna leigu húsnæðis að Reykjum.

Umræða um stöðu mála í fangelsum og Reykjum.

4) Fréttir af skólastarfinu – SMS

Aðstoðarskólameistari fór yfir helstu fréttir af skólastarfinu.

Nokkrir nýir starfsmenn bættust við hópinn í byrjun annar, m.a. vegna fæðingarorlofs og veikindaleyfis kennara. Tveir félagslífs- og forvarnarfulltrúar voru ráðnir.

Félagsráðgjafi, í hlutastarfi, tekur til starfa við skólann 1. mars. nk. og er það nýjung í starfsemi skólans. Auglýst var eftir sálfræðingi eða félagsráðgjafa. Viðkomandi verður m.a. tengiliður skólans vegna nýju farsældarlaganna.

Einn kennari skólans fékk úthlutað námsleyfi næsta skólaár.

Skólinn tók þátt í hinsegin viku Árborgar sem var seinni hlutann í janúar og vakti athygli á regnbogafánanum með ýmsum hætti auk þess sem kennarar voru hvattir til að fjalla um málefnið í sinni kennslu.

Ákveðið var að bjóða upp á rafíþróttaáfanga núna á vorönn. Mikill áhugi var meðal nemanda á áfanganum og erum við með tvo hópa í gangi. Hluti nemenda hefur tekið þátt í FRÍS, framhaldsskólaleikum rafíþróttasamtaka Íslands þar sem keppt er í þremur leikjum. Er þetta í fyrsta skipti sem skólinn hefur sent lið til þátttöku og hefur gengið vel í einum leiknum.

Nokkur hefur verið um Covid smit meðal nemenda og starfsmanna undanfarna daga. Hefur svo sem ekki haft mikil áhrif á skólastarfið. Ákváðum reyndar að færa síðasta kennarafund yfir á Teams.

Veður og færð á vegum hafi nokkur áhrif um tíma á skólastarfið. Fella þurfti niður kennslu eitt síðdegi auk þess sem heill dagur var settur í fjarkennslu vegna slæmrar veðurspár.

1. febrúar sl. var kennsla felld niður og starfsfólk skólans heimsótti Fjölbrautaskóla Vesturlands á Akranesi, ásamt starfsfólki Fjölbrautaskóla Suðurnesja. Stjórnendur FVA höfðu umsjón með fundinum, var boðið upp á tvo fyrirlestra og þá funduðu deildir sameiginlega, þvert á skólana. Slíkt samtal er alltaf mikilvægt og hefur það komið af stað ýmsum þælingum hjá okkar starfsfólki. Þessi heimsókn var hluti af svokölluðu þrískólasamstarfi sem hefur staðið yfir í fjölmörg ár milli þessara þriggja skóla.

Myndlistardeildin fékk heimsókn frá Landanum sl. miðvikudag en þar verður birt innslag um deildina í sambandi við myndlistarsýningu nemenda í Listagjánni svokölluðu.

Íslandsmótið í iðn- og verkgreinum verður dagana 16. – 18. mars nk. Nemendur frá FSu keppa í rafvirkjun, húsasmíði, vélvirkjun auk greina sem tengjast garðyrkjunni. Þá verður um leið framhaldsskólakynning í gangi þessa daga og þar á meðal bás frá FSu.

Mennta- og barnamálaráðuneytið hélt fjarfund með skólameisturum sl. miðvikudag vegna mögulegra áhrifa verkfalls/verkbanns á skólastarf. Þar kom meðal annars fram að ráðuneytið gerir ekki kröfu á að stofnanir breyti skipulagi sínu til að halda skólastarfi gangandi (t.d. með því að taka upp fjarkennslu). Leggja þó áherslu á þjónustu við viðkvæma hópa. Hjá okkur gæti þetta sennilega fyrst haft áhrif á nemendur sem komast ekki til skóla vegna bensínskorts og búa fjarri strætóleiðum.

Undirbúningur stendur yfir fyrir sumardaginn fyrsta á Reykjum. Dagskráin verður kynnt þegar nær dregur. Nemendur og starfsmenn skipta með sér verkum við undirbúninginn.

Valdagur verður miðvikudaginn 15. mars nk. en þá velja nemendur áfanga næstu annar. Verið er að vinna áfangalýsingu fyrir kynjafræðiáfanga sem verður í fyrsta sinn í boði í haust,

sem valáfangi til að byrja með. Hugmyndin er að hann verði svo í kjarna stúdentsbrauta til að byrja með og síðar einnig iðnnámsbrauta.

Kjarnagreinakennarar héldu fund nýverið með kollegum sínum í grunnskólum svæðisins. Á þessum árlegu fundum skiptast kennarar á upplýsingum um námsefni, námsmat og fleira og er ávallt mikil ánægja meðal kennarana með þessa fundi.

5) Staða heimavistar – SMS

Aðstoðarskólameistari og fjármálastjóri sögðu frá stöðu mála varðandi heimavist en samningur við núverandi rekstraraðila rennur út í maí. Viðræður eru langt komnar um mögulega framlengingu um eitt ár. Samningsdrög liggja fyrir. Ríkið mun svo koma að málum í framhaldinu.

Umræða um framhaldið. Mikilvægt að halda uppi þrýstingi á að hið opinbera að halda áfram að vinna í þessum málum.

6) Önnur mál

Geirmundur þakkaði fyrir samstarfið en hann var að sitja sinn síðasta fund skólanefndar. Honum var þakkað fyrir gott samstarf. Nýr fulltrúi foreldra verður boðaður á næsta fund.

Næsti fundur verður föstudaginn 12. maí kl. 13:30.

Fundi slitið kl. 14:57

Fundargerð ritaði Sigursveinn Sigurðsson.